

Þriðjudaginn 21. júní 1994.

Nr. 278/1994.

Kári Marísson

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Kaupfélagi Eyfirðinga og

Lögbergi hf.

(Benedikt Ólafsson hdl.)

Kærumál. Aðfararheimild. Víxlar. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1994, sem barst réttinum 13. júní sl. Hann krefst þess, að frávísun héraðsdómara á kröfu hans um ógildingu tveggja tilgreindra víxla verði hrundið og lagt verði fyrir dómara að leggja efnisdóm á þann þátt málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Kröfugerð aðila og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar greinir, fór fram árangurslaus aðför hjá sóknaraðila 4. ágúst 1993 til tryggingar þeim tveimur víxlum, sem hann krefst ógildingar á. Sóknaraðili var mættur við gerðina og hreyfði ekki andmælum gegn aðfararheimildunum. Hann krafðist ekki úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina samkvæmt heimild í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og er frestur til þess runninn út, sbr. og 2. mgr. þessa ákvæðis.

Aðfarargerð er stjórnsýsluathöfn og hefur ekki réttarverkanir, er takmarki svigrúm dómstóla til að meta gildi aðfararheimilda. Dómstóll hefur ekki fjallað um þá víxla, sem lágu til grundvallar beiðni um aðför hjá sóknaraðila. Hann hefur eigi afsalað sér rétti til að bera gildi þeirra undir dómstóla í almennu einkamáli, þótt hann hafi kosið að láta hjá líða að neyta heimildar aðfararlaga til þess að fá þannig fram niðurstöðu í dómsmáli um aðfararhæfi víxlanna.

Þótt sú ákvörðun kunni að hafa ákveðnar lögfylgjur, hefur sóknaraðili engu að síður lögvarða hagsmuni af því, að dómur kveði á um gildi þeirra víxla, sem um er að ræða. Ber því að fella frávísun héraðsdómara úr gildi og leggja fyrir hann að taka þennan þátt málsins til efnismeðferðar ásamt öðrum hlutum þess.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Felld er úr gildi frávísun kröfu sóknaraðila um ógildingu tveggja víxla, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfuna til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 19. maí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu, hefur Kári Marísson, kt. 201151-3339, Sólheimum, Akrahreppi, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 9. nóvember 1993, á hendur Kaupfélagi Eyfirðinga, kt. 680169-2769, Hafnarstræti 91–95, Akureyri, og Lögbergi hf., kt. 600991-1409, Glerárgötu 36, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda Kaupfélagi Eyfirðinga verði gert að sæta niðurfærslu kröfu sinnar á hendur stefnanda, sem nemi kr. 5.361.092,05 1. júní 1993 og er til komin vegna veðskuldabréfs, út gefins af stefnanda til stefnda 11.01. 1991 og tryggðs með 10. veðrétti í fasteigninni Sólheimum í Akrahreppi, upphaflega að fjárhæð kr. 3.921.000,00 niður í 0 krónu.

Pá gerir stefnandi þær kröfur á hendur stefnda Kaupfélagi Eyfirðinga, að yfirlýsing stefnanda, dagsett 1. júní 1993, til handa stefnda verði ógilt með dómi.

Stefnandi gerir þær kröfur gagnvart stefnda, Lögbergi hf., að ógiltur verði með dómi víxill, út gefinn af stefnda 31.05. 1993, samþykktur af stefnanda með gjalddaga 02.06. 1993, að fjárhæð kr. 4.000.000,00.

Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur gagnvart stefnda Lögbergi hf., að ógilt verði með dómi veðtryggingarbréf, út gefið af stefnanda til handa stefnda, dags. þann 1. júní 1993, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 4.000.000,00, auk innheimtukostnaðar og dráttarvaxta, út gefins af stefnda 31.05. 1993, samþykkt af stefnanda, til greiðslu þann 02.06. 1993.

Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur gagnvart stefnda Lögbergi hf., að ógiltur verði með dómi víxill, út gefinn af stefnanda 31.05. 1993, samþykktur af stefnanda, með gjalddaga 02.06. 1993, að fjárhæð kr. 1.500.000,00.

— — —

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefndu verði hafnað og að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað ásamt vöxtum.

— — —

Kröfu sína um frávísun byggja stefndu á því að aðför hafi farið fram hjá stefnanda 04.08. 1993 til tryggingar þeim víxlum er hér um ræði. Stefnandi hafi ekki borið aðfarargerðina undir héraðsdómara innan 8 vikna frá aðfarargerð, svo sem segi í 92. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Stefnu telji, að meðferð máls þessa hafi borið að reka eftir reglum um meðferð ágreiningsmála vegna fullnustugerða og beri því að vísa því frá dómi, sbr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 2. mgr. Þá telji stefndu, að þar sem aðförin og eða aðfararheimildin hafi ekki verið borin undir dómstóla samkvæmt 92. gr. aðfararlaga, sé um að ræða dóm eða dómsígildi, þar sem aðförin sé, og sé aðfarargerðin því bindandi úrslit um sakarefni, er verði ekki aftur borin undir hliðsettan dómstól, og beri því að vísa málinu frá á grundvelli 1. og 2. mgr. 116. gr. eml. nr. 91/1991.

Stefnandi mótmælir því, að 92. gr. aðfararlaga eigi hér við, þar sem málið sé ekki höfðað til ógildingar á framangreindri aðferð, heldur sé það að grundvelli til byggt á 57. gr. nauðungarsölulaganna. Hljóti stefnandi því að eiga rétt á að fá efnisdóm um kröfur sínar í máli þessu.

Svo sem að framan er rakið, fór fram aðför hjá stefnanda 4. ágúst 1993 til tryggingar þeim víxlum, er stefnandi m. a. krefst ógildingar á, án þess að stefnandi hreyfði andmælum við framgang gerðarinnar. Eftir lok aðfarargerðarinnar bar stefnanda að fara að samkvæmt XV. kafla aðfararlaga nr. 90/1989, ef hann vildi hafa uppi andmæli gegn gildi aðfararkröfunnar. Í þessu máli verður því ekki dæmt um kröfu stefnanda um ógildingu framan­greindra víxla og ber að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991.

Framangreind ákvæði aðfararlaga eiga ekki við um aðrar kröfur stefnanda í máli þessu. Kröfu sína um frávísun þeirra hafa stefndu ekki rökstutt með öðrum hætti og eigi standa lög til að þeim verði sjálfkrafa vísað frá dómi. Verður kröfu stefndu um frávísun þeirra því hafnað.

Ekki eru efni til á þessu stigi að dæma um málskostnaðarkröfur aðila.

Úrskurð þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnanda um ógildingu framangreindra víxla er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Kröfu stefnda um frávísun annarra krafna stefnanda í málinu er hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.
